

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 857/1999 um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

1. gr.

3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 4. t. l. XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna, ásamt breytingum í tilskipun 1999/51/EB.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 30. ágúst 2000.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

Nr. 624

31. ágúst 2000

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Hellnahnraun.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 31. ágúst 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Um er að ræða landnotkunarbreytingu Hellnahnrauns þar sem almennum grænum svæðum/opnum svæðum er breytt í athafnasvæði, sbr. uppdrátt skipulags- og umhverfiseildar Hafnarfjarðar dagsettan 8. maí 2000 og breytingu á honum dagsetta 7. júní 2000.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytinu, 31. ágúst 2000.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*